



3. FUNDUR Á VORÖNN 2022, MIÐVIKUDAGINN 6. APRÍL KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Þrír nemendur sækja um að fá að taka áfanga sem ekki eru í boði á haustönn í fjarnámi til að geta útskrifast í nóvember. Vísað til áfangastjóra.

Tveir nemendur hafa sagt sig frá námi.

2. Félagslíf NFFG

Salsa ball í undirbúningi, stefnt er að því að halda það seinni hluta apríl. Nemendur beðnir að skila inn fjárhagáætlun varðandi ballið svo liggi fyrir hver staðan verður u.þ.b. á fjármálum fyrir næstu stjórn. Kosningavika verður fyrstu viku í maí og stefnt á kosningavöku 6. maí. Framboðsfrestur rennur í í lok páskafrís. NFFG mun skoða lög félagsins og athuga hvort þurfi að uppfæra eða breyta einhverjum reglum.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Ásdís Björnsdóttir, fulltrúi kennara

Dagma Íris Hafsteinsdóttir, fulltrúi NFFG

Dagný Broddadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Helgi Már Herbertsson, fulltrúi NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Sigrún Fjöla Hilmarsdóttir, fulltrúi kennara

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi